



1. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2023 - 24 haldinn miðvikudaginn 6. september 2023 kl.11:45.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson, skólameistari; Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður; Sara Dögg Svanhildardóttir, Frosti Logason; Hrefna Ævarsdóttir, fulltrúi foreldraráðs; Harpa Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara; Guðrún Fjóra Ólafsdóttir, fulltrúi nemenda og Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari.

Dagskrá:

- Fjármál skólans
Kristinn fer yfir fjármál skólans, fjárheimildir og breytingar á rekstraráætlun. Fjármál skólans eru í góðu horfi. Framundan eru töluverð tækjakaup; tölvuskjáiir, myndvarpar og annar búnaður. Sagt frá tölvunámskeiði fyrir nýnema í byrjun skólaárs sem lukkaðist vel.
- Breytingar á starfsmannamálum
Kristinn fer yfir breytingar á starfsmannamálum næstkomandi skólaár. Fimm starfsmenn hætta eða fara í leyfi og sex nýir koma inn í þeirra stað.
- Innritun á haustönn 2023. Í haust voru um 200 nýnemar teknir inn. Innritunartími verður í desember. Sl. febrúar voru teknir inn á milli 25 og 30 nemendur og er reiknað með að inntaka verði með svipuðu móti á vorönn 24
- Farsældarlögin og FG
Anna María kynnir lögin og helstu verkefni FG tengd þeim. Umræður um farsæld nemenda og innleiðingu laganna. Hjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins mun hefja störf í september og verður í skólanum þrjá morgna í viku.
- Önnur mál
Formaður óskar eftir að teknar verði fyrir tölur um gengi nema úr FG í í háskólum þegar þær liggja fyrir.

Næsti fundur fyrirhugaður í endaðan október.

Fundargögn:

- Fjármál eftir ágúst 2023
- Fjárheimildir 2023
- Breytingar á rekstraráætlun 2023
- Breytingar í starfsmannamálum
- Innritun haust 2023 niðurstaða
- [Slóð á upplýsingar um farsældarlögin og framhaldsskólana](#)

Fundi slitið kl. 12:55

Fundarritari

Anna M. Gunnarsdóttir